

# STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 2001

21. mars 2001

629

Nr. 281

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 507/1994 um holræsagjöld  
í Hafnarfirði, með síðari breytingum.**

1. gr.

Lokamálsgrein 1. gr. fellur brott.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. mars 2001.*

F. h. r.

**Sigríður Lilly Baldursdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

16. mars 2001

Nr. 282

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið  
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum  
um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. f. bætist við ný grein, 1. gr. g., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2000 frá 12. maí 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

*Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1216/1999**

frá 10. júní 1999

**um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans (\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til efnisfarandi:*

- 1) Í 2. mgr. 4. gr reglugerðar nr. 17 <sup>(4)</sup> eru allmargir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir undanþegin þeirri tilkynningarskyldu sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og fullnægja verður áður en unnt er að veita undanþágu.
- 2) Þessi undanþága á einkum og sér í lagi við um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir þegar einungis aðilar frá einu aðildarríki eiga í hlut og samningarnir, ákvarðanirnar eða samstilltu aðgerðirnar lúta ekki að innflutningi eða útflutningi milli aðildarríkja, eða þar sem ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og þeir samningar sem um ræðir takmarka aðeins rétt annars samningsaðilans til að ákvarða verð eða viðskiptaskilmála vöru sem hann hefur fengið til endursölu frá hinum samningsaðilanum. Þessi undanþága tekur ekki til flestra samninga, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, sem tvö eða fleiri fyrirtæki standa að sem eru, að því er samninginn varðar, starfrækt á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins, og varða þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tilteknum vörum eða þjónustu („lódréttir samningar“).
- 3) Hinn 22. janúar 1997 gaf framkvæmdastjórnin út grænbók um lódréttar hömlur í samkeppnisstefnu EB sem leiddi til viðtækra almennrar umræðu um beitingu 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans um lódrétta

samninga. Aðildarríkin, Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndin, svæðanefndin og hagsmunaaðilar hafa almennt sýnt jákvæð viðbrögð gagnvart umbótum á samkeppnisstefnu bandalagsins á þessu sviði.

- 4) Slíkar umbætur verða að standast skilyrðin tvö um að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Til að ná þessum markmiðum hefur ráðið veitt framkvæmdastjórninni umboð til að lýsa því yfir, með reglugerð og í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, að 1. mgr. 81. gr. gildi ekki um tiltekna flokka lódréttra samninga.
- 5) Við umbætur á rammaákvæðum, sem gilda um lódrétta samninga, skal auk þess tekið tillit til þess að nauðsynlegt er að einfalda stjórnáhrif tilkynninga um lódrétta samninga. Þeim tilvikum ætti að fækka þar sem hvati er fyrir hendi til að tilkynna lódrétta samninga sem eru í samræmi við stefnu framkvæmdastjórnarinnar og fordæmi Evrópudómstólsins og dómstóls á fyrsta dómstigi. Til að ná þessu markmiði skal veita framkvæmdastjórninni umboð til að veita einstakar undanþágur frá lódréttum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, frá þeim degi sem þeir voru gerðir.
- 6) Tilkynningarskylda áður en undanþága fæst leggur óþarfa stjórnunaryrði á herðar fyrirtækjum sem eru aðilar að lódréttum samningum.
- 7) Samningarnir, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17, eru undanþegnir þeirri tilkynningarskyldu sem fullnægja verður áður en unnt er að veita undanþágu. Tilgangurinn með þessari undanþágu er að fækka tilkynningum, sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að leggja áherslu á eftirlit með þeim samningum sem hamla samkeppni mest. Þessi breyting hefur ekki í för með sér tilslakanir á eftirliti því sem framkvæmdastjórninni ber skylda til að viðhalfa samkvæmt 1. mgr. 81. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB C 365, 26.11.1998, bls. 30.<sup>(2)</sup> Álití var skilað 15. apríl 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB C 116, 28.4.1999.<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB 13, 21.2.1962, bls. 204/62. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 8) Því skal rýmka gildissvið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17 og undanþiggja alla lóðréttta samninga frá þeirri tilkynningaskyldu sem fullnægja verður áður en undanþága fæst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 2. liðar í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17 komi eftirfarandi:

- „2. a) Þegar tvö eða fleiri fyrirtæki standa að samningnum eða samstilltu aðgerðunum og hvert þeirra er starfrækt, að því er samninginn varðar, á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins og

varða þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tiltekinni vöru eða þjónustu;

- b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningar þeir sem um ræðir setja einungis skorður við rétti framsalshafa eða leyfishafa einkaréttar í iðnaði, einkum þess er hefur einkaleyfi, rétt til nytjamynsturs, hönnunar eða vörumerkja, eða aðila er öðlast hefur rétt samkvæmt samningi eða úthlutun til að beita ákveðinni aðferð eða þekkingu í iðnaðarframleiðslu.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 10. júní 1999.

*Fyrir hönd ráðsins,*

K.-H. FUNKE

*forseti.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

*1. gr.*

Á eftir 2. gr. i. bætist við ný grein, 2. gr. j., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2000 frá 28. janúar 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða.

*2. gr.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

*Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*